



Ísafjarðarbær
Gísli Halldór Halldórsson
Stjórnsválihúsinu
400 Ísafjörður

2018-02-01/00

Reykjavík, 25. maí 2018
Tilvísun: 201611040 / 5.2

**Efni: Vestfjarðavegur (60) um Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur (63) frá
Bíldudalsflugvelli að Vestfjarðavegi á Dynjandisheiði, Vesturbýggð og Ísafjarðarbæ -
beiðni um umsögn**

Vegagerðin hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tillögu að matsáætlun um ofangreinda framkvæmd, móttokin 18. maí 2018, skv. 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Hér með er óskað eftir að Ísafjarðarbær gefi umsögn um meðfylgjandi tillögu að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 106/2000 og 17. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

Í umsögninni þarf eftir því sem við á að koma fram hvort tillagan geri nægjanlega grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar, hvort Ísafjarðarbær geri athugasemdir við þá umhverfisþætti sem matið á að taka til, valkostí sem leggja á mat á, gagnaöflun sem er fyrirhuguð, hvernig til standi að vinna úr gögnunum til að meta umhverfisáhrif og hvernig eigi að setja þau fram í frummatsskýrslu. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmd er háð.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 12. júní 2018 og einnig á tölvupóstfang: egill@skipulag.is og jakob@skipulag.is.


Egill Þórárinsson